

Kennsluáætlun í lífsleikni - 1.bekkur 2025-2026

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Guðrún Benónýsdóttir

Kennsla í lífsleikni fer fram í tveimur lotum á haustönn (sjá lotur á stundaskrá 1. bekkjar)

Einnig er ein kennslustund í lífsleikni í viku hverri.

Kennsluaðferðir: Lífsleikni er samofin starfinu með 1. bekk og mun kennari flétta verkefnum inn í hrynjanda dagsins sem lúta að því að styrkja sjálfsmynd og skapa félagstengsl. Helst ber að nefna: að læra umgengni skólasamfélagsins, bæði innan skólans og á útisvæðum skólans, t.d. rétta upp hönd, hengja upp fötin sín, vita hvar lóðamörk á skólalóð eru o.s.frv. Við vinnum með sameiginleg gildi bekkjarins í byrjun skólaárs og gerum bekkjarsáttmála. Í gegnum sögur, ævintýri og samræður læra börnin samskiptafærni, t.d. að sýna tillitsemi og setja sig í spor annarra, hvernig maður hlustar á aðra og sýnir virðingu og umhyggju.

Frjálsi leikurinn er einnig mikilvægt kennslutæki, eins og í leikskólanum. Nám í gegnum leik og mikla útiveru gefa barninu frelsi til að hvíla í hrynjanda dagsins og læra á sínum eigin hraða. Lífsleikni hvílir í miðju námsins og er miðlað með það að leiðarljósi að barnið nái að finna til öryggis og gleði þegar það kemur úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Markmið: Að nemendur -læri umgengni skólasamfélagsins

-læri að þekkja ýmsar tilfinningar, t.d. gleði, sorg og reiði.

-átti sig á tilgangi leikreglna í leikjum og samskiptum.

-geti tjáð sig við samnemendur og kennara

-öðlist færni í samvinnu

-læri að hlusta á aðra og sýna kurteisi

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.